



Leiksvæði í Dalvíkurbyggð

Skýrsla vinnuhóps um opin leiksvæði í Dalvíkurbyggð 2025

Vinnuhópin skiptuðu:

Gunnar Kristinn Guðmundsson, formaður umhverfis – og dreifbýlisráðs
Gísli Bjarnason, sviðsstjóri fræðslu – og menningarsviðs
Helga Íris Ingólfssdóttir, deildarstjóri Eigna – og framkvæmdadeildar
Jón Stefán Jónsson, íþróttafulltrúi Dalvíkurbyggðar
Sigríður Jódís Gunnarsdóttir, formaður fræðsluráðs

Gísli Bjarnason, sviðsstjóri fræðslu – og menningarsviðs, sá um að boða til fundar.

Tilgangur og hlutverk vinnuhópsins:

- Að búa til stefnumótandi tillögu um hvar leiksvæði eiga að vera í Dalvíkurbyggð
- Að koma með tillögu að því hvernig leiksvæði eigi að vera á hverju svæði og hafa samræmi í leiktækjum sem leiðarljós
- Að taka út ástand leiksvæða og gera viðhalds – og endurnýjunaráætlun fyrir opnu leiksvæðin í Dalvíkurbyggð.

Inngangur:

Leiksvæði gegna lykilhlutverki í lífi barna og fjölskyldna í Dalvíkurbyggð. Þau eru vettvangur hreyfingar, félagslegra samskipta og öruggs leiks, og stuðla að heilbrigðu og virku samfélagi. Með hliðsjón af mikilvægi leiksvæða hefur vinnuhópur sveitarfélagsins unnið að heildstæðri úttekki á stöðu opinna leiksvæða í byggðinni.

Tilgangur skýrslunnar er að veita yfirsýn yfir ástand leiktækja og leiksvæða, greina viðhaldspörf og leggja fram tillögur um endurnýjun, lokun og framtíðarskipulag. Skýrslan byggir á vettvangsathugunum og samráði innan vinnuhópsins og er hugsuð sem stefnumótandi verkfæri fyrir kjörna fulltrúa og aðra sem koma að skipulagi og þróun leiksvæða í Dalvíkurbyggð.

Í skýrslunni er farið yfir ástand og tillögur að úrbótum og viðhaldi á hveju leiksvæði fyrir sig. Viðhalds- og endurnýjunarpörf leiktækja og undirlags er metin á hverju leiksvæði auk þess sem reynt er að leggja mat á ástand umhverfis, gróðurs og öryggis.

Leiksvæðið á Árskógssandi

Leiksvæði sem þarf endurnýjun til að verða miðpunktur þorpsins

📍 **Staðsetning:** Leiksvæði í jaðri núverandi byggðar á Árskógssandi. Svæðið er aðgengilegt með stíg úr Öldugötu og úr Aðalbraut.

😊 **Markmið:** Tryggja fjölbreytt, skemmtilegt og öruggt leiksvæði fyrir börn á breiðu aldersbili og að skapa aðlaðandi dvalarsvæði.

🟠 **Ástand svæðis:** Þarfnast endurbóta og endurnýjunar á hluta leiktækja

📅 **Forgangur í framkvæmdaáætlun:** Árið 2026 á að fjarlægja eldri og heimatilbúin leiktæki og setja upp ný í staðinn.



Almenn lýsing

Leiksvæðið á Árskógarsandi er staðsett á opnu, grónu svæði ofan íbúðabyggðar. Deiliskipulag er í vinnslu þar sem gert er ráð fyrir nýrri íbúðabyggð ofan við svæðið.

Leiksvæðið á Árskógssandi er staðsett á opnu, grónu svæði í jaðri íbúðabyggðar. Svæðið er


aðgengilegt með stígum frá Öldugötu og Aðalbraut og liggur í gegnum opið svæði. Það er afmarkað með runnum og trjám sem eru komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Á svæðinu eru bæði viðurkennd og heimagerð leiktæki, en þau síðarnefndu uppfylla ekki öryggiskröfur. Undirlag er að mestu gras og mól, sem í sumum tilfellum stenst ekki nútímastaðla og kröfur. Á sumrin er fjölskylduborð á svæðinu sem nýtist vel til samveru og útivistar, en vantar skilti sem sýnir hver ber ábyrgð á viðhaldi og eftirliti.


 **Tillögur vinnuhópsins fyrir leiksvæðið á Árskógssandi:**


- Fjarlægja heimagerð leiktæki (aparólu og dekkjarólu) og setja ný tæki í staðinn árið 2026.
- Endurnýja vegasalt og rólu árið 2026.
- Fjarlægja gamlan gróður og afmarka svæðið með nýjum trjágróðri eða landmótun.
- Setja upp skilti með upplýsingum um umsjónaraðila.
- Tryggja öruggt undirlag undir öllum leiktækjum.

Leiktæki og ástand

Leiktæki	Framleiðandi	Ástand	Undirlag	Uppsett
Vegasalt	Krumma	Ónýtt	Mól	Óvitað
Sandkassi/bátur	Krumma	Gott	Gras	Óvitað
Róla	Eibe	Lélegt	Mól	Óvitað
Klifurgrind/rennibraut	Lappset	Mjög gott	Mól	2020
Aparóla	Heimagerð	Sæmilegt	Gras	Óvitað
Dekkjaróla	Heimagerð	Sæmilegt	Mold	Óvitað
Ærslabelgur	Sidijk	Gott	Gúmmímottur/gras	2021
Ungbarnaróla	Krumma	Nýtt	Mól	2025

 2026: Endurnýja vegasalt og rólu. Fjarlægja heimatilbúin leiktæki og setja körfurólu eða annað í staðinn. Fjarlægja eldri og úr sér genginn gróður. Setja upp skilti.

 2027: Afmarka svæðið betur með nýjum gróðri eða landmótun. Tryggja fallvarnarundirlag undir öllum leiktækjum.

 2028 og áfram: Eftirlit, regluleg umhirða og viðhald.

Leiksvæðið á Hauganesi

Svæði sem þarf meira skjól og umhirðu

📍 **Staðsetning:** Leiksvæði miðsvæðis á Hauganesi. Svæðið er á áberandi stað og með gott útsýni. Það er aðgengilegt úr Klapparstíg og Ásvegi.

😊 **Markmið:** Tryggja fjölbreytt, skemmtilegt og öruggt leiksvæði fyrir börn á breiðu aldursbili og að skapa aðlaðandi og skjólgott dvalarsvæði.

🟢 **Staða:** Huga þarf að gróðri á svæðinu til skjólmyndunar og uppbyggingu á dvalarsvæði sem hentar fjölskyldum.

📅 **Forgangur í framkvæmdaáætlun:** Árið 2025 var ærslabelgur endurnýjaður auk þess sem sett var upp rennibraut/klifurpallur og vegasalt fyrir yngstu bornin. Mest liggur á því að gera svæðið skjólbetra og dvalarsvæði meira aðlaðandi.



Almenn lýsing

Leiksvæðið er á opnu svæði sunnan við íbúðabyggingina á Hauganesi með útsýni til allra átta. Svæðið er frekar blautt á vorin og hefur verið reynt að vinna bug á því með drenun. Til skjól- og

rýmismyndunar væri gott að gróðursetja tré og runna við svæðið vestan- og sunnanvert. Undir öllum leiktækjunum og umhverfis ærslabelg er gras og gúmmímottur sem uppfylla skilyrði sem fallvörn.


Á sumrin er fjölskylduborð á leiksvæðinu. Svæðið er mjög opið fyrir öllum vindum. Á svæðið vantar skilti þar sem fram kemur hver umsjónaraðili er.


Tillögur vinnuhópsins fyrir leiksvæðið á Hauganesi:


- Meta þörf fyrir frekari drenun og tryggja að svæðið sé þurr og aðgengilegt allt árið.
- Gróðursetja runna og tré til að bæta skjól og rýmismyndun.
- Útbúa varanlegt dvalarsvæði fyrir fjölskylduborð á hellulögðu yfirborði.
- Setja upp skilti með upplýsingum um umsjónaraðila og viðhald.

Leiktæki og ástand

Leiktæki	Framleiðandi	Ástand	Undirlag	Uppsett
Róla	Eibe	Viðunandi	Gúmmímottur og gras	Óvitað
Kastali	Lapsett	Gott	Gúmmímottur og gras	2019
Körfuróla	Lapsett	Þarfnast viðhalds	Gúmmímottur og gras	2021
Rennibraut	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur og gras	2025
Vegasalt	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur og gras	2025
Ungbarnaróla	Krumma	Nýtt	Gúmmímottur og gras	2025
Ærslabelgur		Nýr	Gúmmímottur og gras	2025

 2026: Laga körfurólu eða Skipta út ef þarf. Vinna áfram í drenun svæðisins ef þarf.

 2027: Afmarka svæðið betur með nýjum gróðri og koma upp varanlegu dvalarsvæði á hellulögðu yfirborði.

 2028 og áfram: Eftirlit, regluleg umhirða og viðhald.

Hjarðarslóð

Svæði sem mögulega á að fara undir íbúðabyggð

📍 **Staðsetning:** Leiksvæðið er innst í Hjarðarslóð og er með stígatengingar við bæði Svarfaðarbraut og Ásveg.

😬 **Markmið:** Að leggja leiksvæðið niður og koma svæðinu í önnur not. Svæðið er stutt frá bæði leiksvæðinu í Skógarhólum og leiksvæðinu við Dalvíkurskóla.

🔴 **Ástand svæðis:** Tvö af þremur leiktækjum þarfnast endurnýjunar auk þess sem undirlag uppfyllir ekki kröfur sem fallvörn.

📅 **Forgangur í framkvæmdaáætlun:** Vinnuhópurinn leggur til að leiksvæðið verði lagt af og að leiktæki verði fjarlægð af svæðinu.



Almenn lýsing

Opið svæði í grónu hverfi. Svæðið mjög stórt miðað við fjölda leiktækja. Gróður notaður til skjólmyndunar en þarfnast orðið töliverðs viðhalds. Undir öllum leiktækjum er mól, nema undir gormatæki. Mölin uppfyllir ekki staðla sem fallvörn. Á sumrin er fjölskylduborð á leiksvæðinu. Á svæðið vantar skilti þar sem fram kemur hver umsjónaraðili er.





Svæðið er eitt af þeim svæðum sem komið hafa til greina sem þéttingarsvæði og fer þá undir íbúðarhúsnæði. Vinnuhópurinn leggur til að þetta leiksvæði verði lagt niður og leiktæki fjarlægð þegar þau eru búin með sinn líftíma. Stutt er í önnur leiksvæði frá Hjarðarslóð, 300 metrar í leiksvæði við Dalvíkurskóla og 450 metrar í leiksvæðið í Skógarhólum.

 **Tillögur vinnuhópsins fyrir leiksvæðið í Hjarðarslóð:**

- Lagt til að leiksvæðið í Hjarðarslóð verði lagt af þar sem það er á mögulegum þéttingarreit.
- Viðhald á núverandi leiktækjum þangað til þau verða fjarlægð.
- Viðhald á núverandi gróðri og opnu svæði þangað til svæðið verður tekið í nýja notkun.

Leiktæki og ástand

Leiktæki	Framleiðandi	Ástand	Undirlag	Uppsett
Róla	Ekki vitað	Viðunandi	Möl	Óvitað
Ruggutæki	Lappset	Gott	Gras	2019
Kastali	Ekki vitað	Ágætt	Möl	Óvitað

-
-  2026: Almennt viðhald á núverandi leiktækjum og svæðinu í heild sinni.
 -  2027: Almennt viðhald á núverandi leiktækjum og svæðinu í heild sinni.
 -  2028: Leiktæki fjarlægð.
 -  2029 og áfram: Viðhald á opnu svæði þangað til það verður tekið í nýja notkun.

Skógarhólar

Nýtt og fjölskylduvænt leiksvæði í hjarta hverfisins

📍 **Staðsetning:** Leiksvæði í miðju íbúðahverfi í Skógarhólum á Dalvík.

👨‍👩‍👧 **Markmið:** Tryggja fjölskylduvænt og öruggt leiksvæði fyrir yngri börnin og aðlaðandi dvalarsvæði fyrir alla fjölskylduna.

🟢 **Ástand svæðis:** Leiktæki eru ný en svæðið þarfnast lokafrágangs.

📅 **Forgangur í framkvæmdaáætlun:** Var endurnýjað 2025. Árið 2026 þarf að klára lokafrágang og jarðvegsmótun á svæðinu.



Almenn lýsing

Leiksvæðið í Skógarhólum er staðsett á opnu, grónu svæði með góðum stígatengingum inn í miðju íbúðahverfisins. Það var flutt og endurnýjað sumarið 2025 og er nú eitt best búna leiksvæði í Dalvíkurbyggð.

Á svæðinu eru fimm ný leiktæki með gúmmímöttum sem fallvarnarefni, grasflötum og

fjölskylduborði sem sett er upp yfir sumarmánuðina.

Gróður á svæðinu er hóflegur, tvær stakstæðar aspir og runnagróður. Mælt er með að bæta við skjólmyndandi gróðri til að skapa hlýlegra og skjólbetra umhverfi og jafnvel koma borðinu fyrir á hellulögðu undirlagi.


Tillögur vinnuhópsins fyrir leiksvæðið í Skógarhólum:


- Ljúka jarðvegsfrágangi og tengingum við stíga samkvæmt deiliskipulagi
- Gróðursetja tré og runna til að mynda skjól.
- Setja upp skilti þar sem kemur fram hver ber ábyrgð á leiksvæðinu og viðhaldi þess.
- Helluleggja dvalarsvæði þar sem hægt er að setjast niður


Leiktæki og ástand

Leiktæki	Framleiðandi	Ástand	Undirlag	Uppsett
Rör	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur/gras	2025
Körfuróla	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur/gras	2025
Ungbarnaróla	Krumma	Nýtt	Gúmmímottur/gras	2025
Vegasalt	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur/gras	2025
Rennibraut/kastali	Lapsett	Nýtt	Gúmmímottur/gras	2025

Viðhald og næstu skref

 2026: Ljúka jarðvegsfrágangi og stígatengingum. Setja upp skilti með upplýsingum um ábyrgðaraðila.

 2027: Helluleggja dvalarsvæði og bæta við skjólmyndandi gróðri.

 2028 og áfram: Tryggja reglulegt eftirlit, viðhald og umhirðu svæðisins.

Öldugata


Leiksvæði sem þarf endurnýjun og nýtt líf

📍 **Staðsetning:** Leiksvæði í íbúðahverfi í norðurhluta Dalvíkur. Svæðið er aðgengilegt frá Öldugötu, Drafnarbraut og Brimnesbraut.

😊 **Markmið:** Tryggja fjölbreytt, skemmtilegt og öruggt leiksvæði fyrir börn á breiðu aldursbili og að skapa aðlaðandi dvalarsvæði fyrir hverfið.

🔴 **Ástand svæðis:** Svæðið þarfnast endurhönnunar og mikillar endurnýjunar.

📅 **Forgangur í framkvæmdaáætlun:** Árið 2026 á að endurhanna svæðið á eldri grunni og byrja endurnýjun á leiktækjum.



Almenn lýsing

Leiksvæðið við Öldugötu er í grónu íbúðahverfi með góðum stígatengingum. Svæðið var vel hannað á sínum tíma og hefur þjónað íbúum vel, en er nú orðið gamalt og uppfyllir ekki lengur nútímakröfur um öryggi og aðgengi.

Undir sumum leiktækjum eru fallvarnarmottur, en annars staðar aðeins mól sem ekki stenst öryggisstaðla. Timburkantar við malarsvæði eru of nálægt leiktækjum og falla innan öryggissvæðis.

Setsvæði með hellulögn og skjólvegg hefur einnig látið á sjá og krefst endurnýjunar eða mikils viðhalds. Á sumrin er fjölskylduborð á leiksvæðinu og gróður gefur svæðinu skjól og hlýju, en þar er þörf á umhirðu og endurnýjun.


 **Tillögur vinnuhópsins fyrir leiksvæðið í Öldugötu:**


- Endurhanna svæðið á grunni þess sem fyrir er.
- Hanna svæðið þannig að það henti breiðum aldurshópi og verði aðlaðandi samfélagssvæði.
- Endurnýja skjólvegg og yfirfara hellulögn á setsvæði.
- Setja upp skilti þar sem kemur fram hver ber ábyrgð á leiksvæðinu og viðhaldi þess.
- Skipta út vegasaltinu og rólunum og bæta fallvarnir undir nýjum leiktækjum.


Leiktæki og ástand

Leiktæki	Framleiðandi	Ástand	Undirlag	Uppsett
Vegasalt	Óvitað	þarfnast endurnýjunar	Fallvarnarmottur	Óvitað
Róla	Óvitað	Viðunandi	Möl	Óvitað
Aparóla	Eibe	Gott	Gras/mold	2020
Ærslabelgur	Sidijk	Gott	Gúmmímottur og gras	2019
Róla	Óvitað	Viðunandi	Möl	Óvitað

Viðhald og næstu skref

 2026: Endurhanna svæðið, sérstaklega efri hlutann. Skipta út rólum og vegasalti og endurnýja fallvarnarundirlag. Endurnýja skjólvegg og yfirfara hellulögn. Setja upp skilti.

 2027: Setja upp nýja klifurgrind/rennibraut. Bæta fallvarnir undir tækjum og endurnýja gróður eða bæta við gróðri.

 2028 og áfram: Eftirlit, regluleg umhirða og viðhald.

Samantekt

Skýrslan dregur fram lykilatriði varðandi ástand og framtíð leiksvæða í Dalvíkurbyggð. Í heildina var farið yfir fimm leiksvæði og metið hvort þau uppfylli öryggiskröfur og þjónusti íbúa á viðeigandi hátt.

Tillögur vinnuhópsins fela í sér:

- **Endurnýjun leiktækja** þar sem tæki eru úrelt eða ekki í samræmi við öryggisstaðla.
- **Bætt aðgengi og umgjörð** með jarðvegsfrágangi, skjólmyndandi gróðri og upplýsingaskiltum.
- **Forgangsröðun framkvæmda** á árunum 2026–2028 með áherslu á öryggi og fjölskylduvænni hönnun.
- **Lokun eins leiksvæðis** þar sem ástand og staðsetning þykir ekki lengur henta auk þess sem stutt er í næstu leiksvæði.

Með þessum aðgerðum er stefnt að því að leiksvæði í Dalvíkurbyggð verði örugg, aðlaðandi og í takt við þarfir íbúa til framtíðar.

Heildaryfirlit yfir tillögur að endurnýjun næstu ára:

✂ 2026

- Leikvöllur við Öldugötu endurhannaður og róla og vegasalt endurnýjað
- Skjólveggur og hellulögn í Öldugötu lagfærð.
- Heimatilbúin leiktæki á Árskógssandi fjarlægð og ný körfuróla sett upp í staðinn.
- Jarðvegsfrágangur og stígatengingar í Skógarhólum.
- Sett upp skilti á öllum leiksvæðum þar sem fram kemur hver ber ábyrgð á leiksvæðinu og viðhaldi þess.

✂ 2027

- Áfram unnið að endurnýjun í Öldugötu. Nýtt leiktæki (rennibraut /klifurgrind) sett upp.
- Hellulögð dvalasvæði í Skógarhólum, á Hauganesi og á Árskógssandi.
- Skjól- og rýmismyndandi tré og runnar gróðursett.

✂ 2028

- Leiktæki fjarlægð úr Hjarðarslóð og leikvöllur aflagður.
- Áfram haldið með gróðursetningu skjólmyndadi gróðurs.
- Almennt viðhald og eftirlit með leiksvæðunum og leiktækjum.